

Minnisblað – fundur með þingmönnum kjördæmisins

Efni: Samgönguáætlun 2026–2040 – áhrif á Austurland

Fundur haldinn: 9. desember 2025

Aðilar: Oddvitar í sveitarstjórn Múlaþings og þingmenn kjördæmisins

1. Almenn afstaða sveitarfélagsins

Á fundinum var lýst **miklum vonbrigðum** með nýja tillögu að samgönguáætlun. Sú mynd sem blasir við er að **framkvæmdir á Austurlandi eru settar á ís**, þrátt fyrir að landshlutinn standi undir verulegri verðmætasköpun og skatttekjum fyrir ríkið.

Samgönguáætlun á að vera **faglegt, langtíma verkfæri** til uppbyggingar innviða. Með þeim breytingum sem lagðar eru til frá gildandi áætlun er hættu á að hún verði fremur **pólítískt plagg**, sem breytist með ráðherraskiptum, fremur en traustur stefnumótandi rammi.

Sveitarfélög verða að geta **treyst því að ríkisvaldið vinni þessa vinnu á faglegum forsendum**, ekki af geðþóttu eða með skammtímasjónarmið að leiðarljósi.

2. Skortur á stórfamkvæmdum á Austurlandi

Í nýrri tillögu er **engin stórfamkvæmd á Austurlandi á fyrsta tímabili áætlunarinnar**. Það sendir skýr skilaboð um að:

- Skatttekjur og verðmætasköpun Austurlands skili sér ekki aftur til svæðisins
- Að ekki sé horft til hlutverks landshlutans í sköffun þjóðhagslegra tekna

Austurland hefur verið **næst í röðinni hvað jarðgangafamkvæmdir varðar frá opnun Dýrafjarðarganga**. Ekki hafa verið sett fram skýr eða málefnaleg rök fyrir því að breyta þeirri forgangs röðun. Þá hefur lengi verið beðið eftir nýjum Suðurfjarðarvegi, Öxi, nýrri Lagarfljótsbrú, nýrri brú yfir Jökulsá á Fjöllum og áfram má telja.

3. Fjarðarheiðargöng og röðun jarðgangaverkefna

Margoft hefur verið bent á að **Fjarðarheiðargöng eru tilbúin til útboðs**. Þau eru nú sögð „of dýr“, en borun jarðganga kostar í grunninn svipað á ári – þessi göng eru vissulega lengri og munu því taka lengri tíma en eru það nægjanleg rök til að setja þau til hliðar þegar svo rík öryggis- og efnahagslegs sjónarmið eru fyrir göngunum?

Áhersla á **Mjóafjarðargöng á undan Fjarðarheiðargöngum** er ekki í samræmi við það sem SSA hefur komið sér saman um. Slík röðun:

- Er ekki í samræmi við **Svæðisskipulag Austurlands**.
- Endurspeglar ekki þarfir svæðisins þar sem kallað er eftir hringtengingu. Með þessum gögnum verða enn erfiðir farartálmar milli Héraðs og Fjarða.
- Vekur spurningar um tilgang allrar þeirrar vinnu sem lögð hefur verið í skipulagsferli ef ekki er hlustað á vilja kjörinna fulltrúa sem hafa komið sér saman um forgangsöröðun og unnið samkvæmt því.

Vert er að minna á að á Seyðisfirði er eina alþjóðlega ferjuhöfn landsins og að á Egilsstöðum er alþjóðaflugvöllur. Tvær af fjórum gáttum inn til landsins eru á Austurlandi og það er til mikils að vinna að hafa greiðar samgöngur þarna á milli. Þá er ljóst að hægt væri að fara í orkuferka uppbyggingu á svæðinu og nýta þessar gáttir til aukins útflutnings. Möguleikar á atvinnuuppbyggingu á Seyðisfirði koma til með að margfaldast með þessum göngum og þau snúast því um annað og meira en bara að rjúfa vetrareinangrun og tryggja öryggi fólks, þótt þau rök ættu ein og sér að vera næg.

4. Tengingar, öryggi og þjónusta

Áréttað var að tenging milli **Seyðisfjarðar og Norðfjarðar** ein og sér skapar **ekki hringtengingu sem knýr vöxt svæðisins**. Á meðan Fjarðarheiði og Fagridalur eru áfram ótryggir farartálmar milli Héraðs og Fjarða verður svæðið áfram klofið.

Forgangur þarf að vera:

- **Örugg heilsárs tenging milli sjúkrahúss og flugvallar**
- Rof á vetrareinangrun Seyðisfjarðar og Mjóafjarðar
- Raunveruleg samþætting byggðakjarna

5. Axarvegur (Öxi)

Mikilli undrun var lýst yfir því að **Axarvegur sé áfram skilgreindur sem PPP-verkefni** og að framkvæmdum sé ekki flýtt. Þrátt fyrir að vegurinn sé þegar hannaður og talað um framkvæmdir á fyrsta tímabili, sýna tölur að **raunverulegt fjármagn er fyrst sett í verkefnið eftir 2030**.

Í ljósi mikillar umferðar er lágmarkskrafa að þjónusta vegarins verði færð í samræmi við notkun og hann verði **tekinn strax af G-reglu vetrarþjónustu hjá Vegagerðinni**.

6. Egilsstaðaflugvöllur

Lýst var yfir áhyggjum af því að **fjármagn til Egilsstaðaflugvallar hefur verið skorið niður um um það bil 4 milljarða króna** miðað við þá áætlun sem lögð var fram árið 2023, en ekki hlaut samþykki Alþingis. Þetta er gert **án þess að verkefnum sé fækkað**, sem vekur upp spurningar um:

- Raunhæfni áætlunarinnar
- Hvort verið sé að flytja áhættu yfir á framkvæmdina sjálfa.

7. Hafnarframkvæmdir

Mikilli óánægju var lýst með að:

- **Framlag ríkisins til hafnarframkvæmda hjá Múlaþingi verði lækkað úr 60% í 40%,**
- **Stækkun Strandarbakkans á Seyðisfirði frestist um eitt ár**
- Að framkvæmdir sem áður voru fyrirhugaðar við **Djúpavogshöfn virðist hafa fallið út** frá fyrri tillögu að áætlun.

Þessi breyting setur fjárfestingaráætlun hafna Múlaþings í uppnám auk þess sem við horfum fram á mikið tekjutap í höfnunum þar sem löndun verður fljótlega hætt á Seyðisfirði og færri skemmtiferðaskip munu koma í hafnir næstu tvö ár miðað við bókunarstöðu.

8. Áhrif á sameiningu Múlaþings

Að lokum var minnt á að **bættar samgöngur milli byggðakjarna voru ein af lykilforsendum sameiningar Múlaþings**. Það grefur undan trausti sveitarfélaga þegar verkefni af þessari stærðargráðu eru ekki varin gegn pólitískum sveiflum og lifa ekki af stjórnskipti.